

116. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs  
2. 9. 2020 kl. 8:15 – 9:45

Fjarfundur settur kl. 8:15

Fundarstjóri: Eyjólfur Guðmundsson

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

**Mætt:** Steinunn Hödd Harðardóttir, Kristín Hermannsdóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Bjarni Guðmundsson, Vilhjálmur Magnússon, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Hólmfríður Bryndís Þrúðmarsdóttir, Karl Friðriksson, Hrafnkell Guðnason og Hugrún Harpa Reynisdóttir.

**Fjarverandi:** Þorvarður Árnason

**1. Barnvænt samfélag – Ragnhildur Jónsdóttir**

Ragnhildur sagði frá vinnu Sveitarfélagsins Hornafjarðar um innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eftir verklagi UNICEF um barnvæn sveitarfélög. Fyrsta skref vinnunnar er gagnaöflun um líðan, lífsskilyrði og réttindi barna svo hægt sé að búa til mælikvarða á velferð og réttindi þeirra í sveitarfélaginu. Stofnun stýrihóps er næsta skref vinnunnar, og í innleiðingarferlinu verða börnin tengd inn í verkefnið með fræðslu um réttindi þeirra og samtal við þau um aðgerðir í átt að barnvænna sveitarfélagi. Innleiðing verkefnisins er tveggja ára ferli.

**2. Fagháskólanám í hagnýtum leikskólafræðum – Sigurður Sigursveinsson**

Sigurður sagði frá verkefninu sem er samstarfsverkefni Háskólafélags Suðurlands, Háskóla Íslands og Keilis.

**3. Nýr stjórnarmaður Ríki Vatnajökuls**

Þann 10. ágúst barst stjórn Nýheima þekkingarseturs bréf frá Olgu Ingólfssdóttur stjórnarmanni þar sem hún gerði grein fyrir starfslokum sínum hjá Ríki Vatnajökuls og þar með lokum stjórnarsetu hennar í stjórn setursins. Forstöðumaður hafði í kjölfarið samband við Hólmfríði Bryndísi Þrúðmarsdóttur formann stjórnar Ríki Vatnajökuls og óskaði eftir tilnefningu nýs stjórnarmanns. Hólmfríður Bryndís mun sjálf taka sæti Olgu í stjórn Nýheima þekkingarseturs og er hún boðin velkomin til síns fyrsta fundar.

**4. Samstarfssamningur SVH og NP**

Fyrir fundinum lágu drög að samstarfs- og styrktarsamningi milli Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Nýheima þekkingarseturs. Forstöðumaður hefur ásamt bæjarstjóra unnið að drögum samningsins og er henni falið að ganga frá undirritun hans.

**5. Niðurstöður styrkumsókna**

Hugrún Harpa greindi frá því að þær fjórar styrkumsóknir sem Nýheimar þekkingarsetur var aðili að til Erasmus+ í mars síðastliðnum voru samþykktar. Stjórn fagnar góðum árangri styrkumsókna.

**6. Starfsmannamál**

Hugrún Harpa lagði fram tillögu til stjórnar um tímabundna ráðningu starfsmanns í 50% starf til að sinna ýmsum verkefnum, þar á meðal ný samþykktum fjölþjóðlegum samstarfsverkefnum. Stjórn samþykkir tillöguna.

**7. Umhverfismál í Nýheimum – Eyjólfur Guðmundsson**

Eyjólfur sagði frá því að haldið var námskeið í upphafi skólaárs sem meðal annars fjallaði um umhverfismál. Eyjólfur lagði til að umhverfisnefnd Nýheima verði endurvakin og hún beðin um að koma fram með tillögur um aðgerðir í umhverfismálum innan Nýheima.

**8. Aðalfundur Samtaka þekkingarsetra á Höfn**

Hugrún Harpa greindi frá því að fundi Samtaka þekkingarsetra hafi verið frestað til 30. september. Mennta- og menningarmálaráðherra hefur þegið boð samtakanna á fundinn sem og fulltrúi MRN.

Hugrún sagði jafnframt frá því að stjórn samtaka þekkingarsetra fundaði með fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytisins og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins nú í lok ágústmánaðar. Umfjöllunarefni fundarins var erindi SPS til ráðuneytanna um þekkingarsetur á Íslandi sem hluta af stuðningsumhverfi nýsköpunar.

**9. Endurnýjun samnings við MRN**

Hugrún Harpa sagði frá því að mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur óskað eftir því að úttektargögn verði uppfærð til dagsins í dag og í kjölfarið fundinn tími til að funda um endurnýjun samnings.


**10. Staða á starfsáætlun 2020**

Hugrún Harpa fór yfir nokkur atriði varðandi framgang verkefna í starfsáætlun 2020. Samantekt á stöðu verkefna lá fyrir fundinum til upplýsingar fyrir stjórn.

**11. Önnur mál**

Hugrún Harpa minnti á að brátt verður opnað fyrir umsóknir í Uppbyggingarsjóð Suðurlands en umsóknafrestur rennur út 6. október.

Fundi slitið klukkan 9:50



Hugrún Harpa Reynisdóttir